

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, Nesjavallalína 2 og Hellisheiðaræð, Mosfellsbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. maí 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir jarðstreng, Nesjavallalínu 2, frá Nesjavallavirkjun að aðveitustöð Landsnets á Geithálsi. Innan Mosfellsbæjar mun jarðstrengurinn liggja á um 11,7 km kafla samsíða Nesjavallavegi og Hafravatnsvegi að aðveitustöð Landsnets á Geithálsi. Jarðstrengurinn mun liggja um svæði sem skilgreint er sem opið óbyggt svæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins.
2. Gert er ráð fyrir niðurgrafinni heitavatnslögn, Hellisheiðaræð, frá Hellisheiðarvirkjun að miðlunargeymum á Reynisvatnsheiði, þar sem hún tengist hitaveitukerfi Orkuveitu Reykjavíkur. Hellisheiðaræð mun liggja samsíða Sogslínu 2 á um 7,3 km kafla innan lögsögu Mosfellsbæjar. Lögnin mun liggja á svæði sem skilgreint er sem opið óbyggt svæði og vatnsverndarsvæði (fjarsvæði og grannsvæði vatnsbóls við Fossvallaklif) í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. maí 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2008